



Stjórn SSH 530. fundur

Föstudaginn 15. október 2021, kl. 11:40, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Einarsson, formaður stjórnar, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson stjórnarfolk SSH. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Fyrirliggjandi eru fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 5. og 14. október 2021. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu verkefnisins og tillögur um aukaverk/breytta hönnun sem verkefnahópurinn hefur haft til skoðunar.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðir eru lagðar fram til kynningar. Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur verkefnahópsins.

2. Gönguskiði – uppbygging aðstöðu / málsnr. 2104007

Framhald umræðu frá 529. fundi stjórnar en á þeim fundi var umræðu um útboð á salernishúsi nr. 15291 frestað. Eitt aðgengilegt tilboð sem barst og var það 42,5% yfir kostnaðaráætlun og yfir fjárheimildum til þessa verkefnis.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að öllum tilboðum í útboði nr. 15291 „Almenningssalerni á suðursvæði – Salernishús Bláfjöll“ verði hafnað, en fyrirliggjandi tilboð eru ýmist ógild eða óaðgengileg. Verkefnahópnum verði falið að skoða málið áfram og vinna að hagkvæmari lausn.

3. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.